

Fimmtudaginn 16. nóvember 1995.

Nr. 325/1993.

Sjóvá – Almennar tryggingar hf.

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

Jóni Marinó Guðbrandssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Vátryggingarsamningar. Bifreiðir. Ölvun við akstur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnlaugur Claessen og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 11. ágúst 1993 og krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar sér til handa fyrir Hæstarétti.

I.

Í máli þessu sækir stefndi áfrýjanda um greiðslu á grundvelli húftryggingar bifreiðar sinnar vegna skemmda, er hún varð fyrir, þegar stefndi ók henni út af veginum í Óshlíð milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar að morgni 2. janúar 1989, en bifreiðin valt niður í fjöru. Lögreglumaður kom að bifreiðinni laust fyrir kl. 07.00, og sat stefndi í aftursæti hennar og var brotinn á báðum fótum. Var hann bersýnilega undir áhrifum áfengis. Alkóhólmagn í blóðsýni, sem honum var tekið kl. 09.15, reyndist 2,18‰. Stefndi kveðst hafa ekið bifreiðinni allsgáður, en eftir slysið drukkið úr einum vodkapela til að deyfa sársauka. Áfrýjandi neitar greiðslu, þar sem hann sé laus úr ábyrgð vegna ölvunar stefnda samkvæmt ákvæðum vátryggingarskilmála, sbr. 20. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga.

II.

Fyrir liggja í málinu gögn um rannsókn lögreglunnar á Ísafirði vegna ætlaðs ölvunaraksturs stefnda og endurrit dómsyfirheyrslna, sem fram fóru í sakadómum Reykjavíkur og Bolungarvíkur árið

1990, eftir að opinbert mál var höfðað gegn stefnda. Var hann sýknaður af ákæru um ölvunarakstur með dómi sakadóms Reykjavíkur 3. janúar 1991, þar sem varhugavert þótti að telja sannað, að hann hefði verið búinn að neyta áfengis, áður en slysið varð. Var dómurinn staðfestur í Hæstarétti 21. nóvember sama ár.

Óhjákvæmilegt er við úrlausn máls þessa að rekja nokkuð það, sem fram kom við ofangreinda rannsókn og málsmeðferð.

Stefndi kom fyrst til skýrslugjafar hjá lögreglu 22. febrúar 1989, þ. e. rúmlega hálfum öðrum mánuði eftir slysið. Kvaðst hann kvöldið fyrir slysið hafa verið hjá kunningja sínum, Birni Brynjólfssyni á Ísafirði, til kl. 04.00 um nóttina, og hafi ekkert áfengi verið haft þar um hönd. Síðan hafi hann ekið áleiðis heim til Bolungarvíkur, en misst vald á bifreiðinni, er komið var út fyrir innri vegskála í Óshlíð, og hafi hún farið fram af og oltið niður í fjöru. Gat hann sig lítið hreyft og fann, að hann var fótbrotinn. Hafi hann þá tekið áfengispela, sem var í bifreiðinni, og drukkið úr honum.

Eftir að stefndi gaf skýrslu hjá lögreglu, voru yfirheyrd nokkur vitni, sem báru um ferðir stefnda umrætt kvöld og nótt. Kom þá í ljós, að hann hafði farið víðar en hann hafði greint frá við fyrrgreinda yfirheyrslu. Meðal annars hafði hann komið á veitingahúsið Staupastein á Ísafirði og í framhaldi þess í samkvæmi í húsi við Túngötu þar í bæ. Aðspurður í sakadómi um þetta kvað stefndi hér hafa verið ónákvæmni í skýrslu sinni, því að þarna hafi vantað inn í atburðarásina. Skýrði hann svo frá, að þeir Björn Brynjólfsson hefðu farið frá heimili hins síðarnefnda um kl. 01.00 í leigubifreið að veitingastaðnum Staupasteini. Þaðan kvaðst hann hafa farið einn um kl. 02.30 og gengið áleiðis að heimili Björns, þar sem bifreið stefnda stóð. Á leiðinni hitti hann fjóra menn, sem voru að fara í samkvæmi. Þekkti hann þrjá þeirra og slóst í hópinn. Var farið í samkvæmi í húsi við Túngötu. Kvaðst hann hafa farið „einn hring í partýinu“, áður en hann náði í bifreið sína og ók áleiðis til Bolungarvíkur. Hann hefði einskis áfengis neytt, áður en hann ók. Er hann hafi komið að innri vegskálanum í Óshlíð, fannst honum steinn vera á veginum. Sveigði hann bifreiðinni frá með þeim afleiðingum, að hann missti stjórn á henni í hálfu, og valt bifreiðin u. þ. b. 50 metra niður í fjöru. Hafi hann verið hálfvankaður eftir veltuna og vildi drífa sig upp á veg, en gat ekki stigið í fæturna. Þar sem hann

kenndi sárlega til, ákvað hann að teygja sig úr aftursætinu í óátekinn vodkapela, sem var í hanskahólfi bifreiðarinnar. Kvaðst hann hafa drukkið allt úr pelanum og hafa verið nýbúinn að henda honum út úr bifreiðinni, er lögreglumaðurinn kom að honum. Þegar stefndi kom fyrir héraðsdóm í þessu máli, kvaðst hann hafa lagt af stað til Bolungarvíkur um kl. 04.30.

Guðmundur Páll Jónsson lögreglumaður, sem kom fyrst að bifreið stefnda, kvaðst ekki hafa gert sérstaka leit að áfengi í bifreiðinni eða fyrir utan hana. Vitnið kvaðst hafa leitað í kringum bifreiðina að fólki, sem hugsanlega hefði verið farþegar í bifreiðinni, og taldi, að það hlyti þá að hafa séð áfengisflösku, sem hefði verið fyrir utan bifreiðina. Glerbrot hafi verið í fjörunni, en einhverjar rúður voru brotnar í bifreiðinni.

Hlynur Snorrason rannsóknarlögreglumaður, sem rannsakaði vettvang slyssins, sagði fyrir dómi, að hann hefði skoðað inn í bifreiðina og í kringum hana, en ekki gert sérstaka leit að áfengi. Hann minntist þess að hafa séð glerbrot úr rúðum og ljósum bifreiðarinnar.

Björn Brynjólfsson hefur staðfest, að stefndi hafi komið heim til sín að kvöldi 1. janúar 1989 um kl. 20.30, og sátu þeir þar að spjalli, við tafl og spil fram yfir miðnætti, en þá fóru þeir með leigubifreið að veitingahúsinu Staupasteini. Vitnið missti þar sjónar á stefnda og fór heim til sín rúmlega kl. 01.00. Vitnið kvað hvorugan hafa neytt áfengis heima hjá sér og varð ekki vart við, að stefndi neytti áfengis á Staupasteini.

Brynjólfur Lárusson kom að eigin frumkvæði til skýrslugjafar hjá lögreglu vegna rannsóknar málsins í maí 1989, en hann var þá starfandi lögreglumaður á Ísafirði. Skýrði hann svo frá hjá lögreglu og fyrir dómi, að hann hefði verið á veitingahúsinu Staupasteini aðfaranótt 2. janúar 1989 og veitt stefnda þar athygli, en þeir hafi eitt sinn verið saman á togara. Vitnið, sem kvaðst sjálft ekki hafa verið undir áfengisáhrifum, sagði það ekki hafa leynt sér, að stefndi væri undir áfengisáhrifum. Hafi verið „sláttur . . . á honum og hann alls ekki eins og hann á að sér „edru““.

Eftir að stefndi fór af veitingahúsinu Staupasteini, hitti hann, sem fyrr segir, fjóra menn í bifreið og slóst í för með þeim. Fóru þeir saman í samkvæmi að Túngötu 17 á Ísafirði. Ökumaður bifreiðar-

innar var Egill Gunnarsson, en farþegar voru Ásberg Magnússon, Haraldur Úlfarsson og Björn Kristjánsson. Hinn síðastnefndi kvaðst ekkert muna eftir stefnda umrætt kvöld, enda verið mjög ölvaður. Ásberg Magnússon, sem þekkti stefnda og hafði verið með honum á sjó, kvaðst ekki hafa séð stefnda neyta áfengis og veitti því ekki athygli, að hann væri undir áfengisáhrifum. Hann gat þess hins vegar, að stefndi hefði sagst ætla að taka leigubíl til Bolungarvíkur. Egill Gunnarsson sagði hjá lögreglu, að stefndi hefði auglýsingalega verið undir áhrifum áfengis, er hann kom upp í bifreiðina. Í samkvæminu að Túngötu 17 hefði verið haft áfengi um hönd, en vitnið kvaðst hafa ekið Haraldri Úlfarssyni út í Bolungarvík, þar sem hann hefði verið orðinn mjög ölvaður. Hefði vitnið síðan komið aftur og ætlað að fá hina til að hverfa úr samkvæminu. Stefndi hefði þá verið orðinn áberandi drukkinn, verið „þrjóskur og með fyllirísrövl“ og ekki viljað fara með þeim hinum. Kvaðst vitnið hafa verið komið til Bolungarvíkur milli kl. 05.00 og 06.00. Fyrir dómi kvaðst vitnið nánar aðspurt viðurkenna, að ummæli sín við lögregluþyrheyrslu um ölvun stefnda hefðu verið of harkaleg, en kvaðst þó halda fast við þá skoðun sína, að hann hefði verið undir áhrifum áfengis. Haraldur Úlfarsson kvaðst hafa verið mjög ölvaður umrædda nótt, en sagðist þó treysta sér til að halda því fram, að stefndi hefði einnig verið ölvaður.

Ólafur Jónasson var húsráðandi að Túngötu 17, þar sem margnefnt samkvæmi fór fram. Taldi hann stefnda hafa neytt einhvers áfengis heima hjá sér og kvað hann hafa verið bersýnilega ölvaðan. Dró hann þessa ályktun af því, að stefndi var „kátur og glaður og kjaftaði mikið og var ekki með fullkomið jafnvægissskyn“. Nánar spurður kvaðst hann telja, að stefndi hefði verið mjög ölvaður, og kvaðst hann vita, hvenær menn væru ölvaðir, þar sem hann sjái það á þeim. Sjálfur kvaðst hann hafa orðið mjög ölvaður umrædda nótt, en þó ekki svo, að það skerti minni sitt. Hann kvaðst ekki muna nákvæmlega, hvenær stefndi fór úr samkvæminu, en taldi, að það hefði verið um kl. 06.00.

Auk þeirra, sem hér hafa verið nefndir, gáfu tveir aðrir skýrslur hjá lögreglu og fyrir dómi. Sagði annar þeirra við skýrslugjöf hjá lögreglu, að stefndi hefði neytt áfengis og verið áberandi ölvaður á veitingastaðnum Staupasteini umrædda nótt. Fyrir dómi féll vitnið

frá þessum framburði. Hitt vitnið sagði hjá lögreglu, að það „reiknaði með“, að stefndi hefði verið ölvaður, er hann kom að Túngötu 17, en fyrir dómi dró vitnið nokkuð í land með þetta.

III.

Í héraðsdómi er greint frá matsgerð læknanna Matthíasar Kjeld og Þorvalds Veigars Guðmundssonar, sem dómkvaddir voru að beiðni lögmanss áfrýjanda. Í matsbeiðni var um það beðið, að matsmenn segðu til um það, hvort frásögn stefnda um drykkju gæti staðist miðað við niðurstöðu alkóhólrannsóknar. Var niðurstaða matsmanna jákvæð um það atriði. Á hinn bóginn er ekki fjallað um það í matsgerðinni, hvernig túlka megi niðurstöðu alkóhólrannsóknar í ljósi hugsanlegrar drykkju fyrir um nóttina. Þykir matsgerðin því hafa takmarkað gildi við úrlausn málsins.

IV.

Í fyrstu skýrslu sinni hjá lögreglu skýrði stefndi þannig frá um ferðir sínar aðfaranótt 2. janúar 1989, að ekki stóðst við frekari rannsókn. Í ljós kom, að auk þess staðar, sem stefndi tilgreindi í skýrslunni, lagði hann leið sína í veitingahús og í samkvæmi í heimahúsi. Sjö menn báru um ferðir og ástand ákærða á þessum tveimur stöðum. Í skýrum framburði þriggja þeirra kemur fram, að stefndi hafi augsýnilega verið undir áhrifum áfengis. Fjórða vitnið, sem var mjög ölvað, styður þann framburð. Tvö vitni báru hjá lögreglu um einkenni ölvunar hjá stefnda, en drógu í land fyrir dómi. Eitt vitni sagði bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, að það hefði ekki merkt einkenni áfengisáhrifa hjá stefnda.

Komið var að stefnda mjög ölvuðum í bifreið hans eftir umferðarslys. Veitti þetta líkindi fyrir því, að hann hefði ekið ölvaður, þótt ekki lægi alls kostar ljóst fyrir, hve langt leið frá slysinu, þar til lögregla kom á vettvang. Fullyrðing stefnda um neyslu áfengis, eftir að akstri lauk, kom fyrst fram í skýrslu hjá lögreglu, sem tekin var rúmlega hálfum öðrum mánuði eftir slysið. Í beinu framhaldi slyssins gerði hann engan reka að því að útskýra ölvun sína eða hlutast til um gagnaöflun til stuðnings fullyrðingu sinni. Hins vegar hefur komið fram, að áður en stefndi hélt af stað til Bolungarvíkur í bif-

reið sinni, kom hann á tvo staði, þar sem áfengi var haft um hönd. Hafa vitni borið um greinileg ölvunareinkenni hans þar, eins og áður var rakið.

Að öllu þessu virtu verður ekki talið, að stefndi hafi í máli þessu leitt líkur að þeirri staðhæfingu sinni, að alkóhólmagn í blóði hans greint sinn verði rakið til neyslu áfengis eftir slysið. Samkvæmt því verður við það að miða, sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, að stefndi hafi verið óhæfur til að stjórna bifreið, og verði slysið rakið til þess. Þykir 20. gr. váttryggingarsamningalaga eiga við um ástand hans, og þar sem áfrýjandi hefur undanskilið sig ábyrgð við þær aðstæður í skilmálum sínum fyrir húftryggingar ökutækja, ber að sýkna hann af öllum kröfum stefnda.

Rétt þykir, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., skal vera sýkn af kröfum stefnda, Jóns Marinós Guðbrandssonar.

Stefndi skal greiða áfrýjanda 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 14. júní 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. maí sl., höfðaði Jón Marinó Guðbrandsson, kt. 220854-7369, Fiskakvísl 28, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, þingfestri 28. nóv. 1991, gegn Sjóvá-Almennum tryggingum hf., kt. 701288-1739, Kringlunni 5, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 1.325.000 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefnda eru krafa um sýknu af kröfum stefnanda, en til vara, að stefnda verði einungis gert að greiða hluta hinnar umstefndu fjárhæðar. Jafnframt er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Leitað var um sættir án árangurs.

Við aðalmeðferð málsins var lýst yfir því af lögmönnum aðila, að aðilar væru sammála um, að verð bifreiðar stefnanda væri réttilega talið 1.325.000 kr. á tjónsdegi.

Málavextir.

Stefnandi, sem var eigandi bifreiðarinnar Í 2737, MMC Pajero-jeppi, langur, dísil, árg. 1986, hafði húftryggt bifreiðina hjá stefnda fyrir tímabilið 1. maí 1988 til 1. maí 1989. Hinn 2. janúar 1989 missti stefnandi bifreiðina út af Djúpvegi (Óshlíð), og valt bifreiðin niður í fjöru og skemmdist við það svo mikið, að hún var nánast talin ónýt. Stefnandi, sem slasaðist verulega við óhapp þetta, var fluttur á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði. Við læknisrannsókn sama morgun kom í ljós, að stefnandi hafði hlotið beinbrot á báðum fótleggjum rétt neðan við hné auk minni háttar áverka. Kl. 9.15 var honum tekið blóð til alkóhólákvörðunar. Samkvæmt niðurstöðu rannsóknar á blóðsýni þessu reyndist magn alkóhóls í blóði stefnanda vera 2,18%.

Bifreiðin var flutt til Reykjavíkur og komið í geymslu í Kópavogi, þar sem starfsmaður stefnda, Ingólfur Böðvarsson, skoðaði hana. Að sögn stefnanda leitaði umboðsmaður stefnanda, Guðbrandur Gunnar Guðbrandsson, eftir tilboðum í flakið með vitund og vilja Ingólfs, sem samþykkti að selja það Hlöðvari Hjálmarssyni fyrir 260.000 kr., og var gengið frá sölu 12. júlí 1989. Stefnandi fékk endurgreitt iðgjald húftryggingar 20. nóvember 1989 fyrir tímabilið 2. janúar 1989 til 30. apríl 1989.

Gefin var út ákæra á hendur stefnanda 16. maí 1990 vegna grunar um ölvunarastur og óvarlegan akstur stefnanda við fyrrgreint umferðaróhapp. Með dómi, upp kveðnum í sakadómi Reykjavíkur 3. janúar 1991, var stefnandi sýknaður. Þessi dómur var staðfestur með dómi Hæstaréttar Íslands 21. nóvember 1991.

Með bréfi, dags. 14. ágúst 1991, var stefndi m. a. krafinn um greiðslu verðmætis bifreiðarinnar ásamt vöxtum og kostnaði á grundvelli húftryggingarinnar. Þessari kröfu stefnanda hafnaði stefndi með bréfi, dags. 29. ágúst 1991.

Undir rekstri máls þessa voru lækarnir Matthías Kjeld og Þorvaldur Veigar Guðmundsson dómkvaddir til þess að gefa álit um tiltekin atriði. Í fram lagðri álitsgjörð lækna, dags. 11. febrúar 1993, segir svo:

„Blóðsýni var tekið úr JMG til rannsóknar á „áfengismagni“ á Fjórðungssjúkrahúsi Ísafjarðar (FSÍ) að morgni 2. janúar 1989. Sú mæling sýndi alkóhólstyrkinn 2,18 g/kg (styrkur ethanols í blóði, g/k).

Við útreikninga þá, sem niðurstöður okkar byggjast á, skiptir líkamsþyngd manna miklu máli. Við höfum ekki upplýsingar um þyngd JMG, enda er hún ekki skráð í sjúkraskýrslu FSÍ. Ef gert er ráð fyrir, að JMG hafi verið um 75 kg að þyngd og hann drukkið úr fullum vodkafleyg (375 ml) einhvern tíma á tímabilinu 04.00–06.57 umræddan morgun, eins og

fram kemur fyrir dóminum, má reikna með, að alkóhólstyrkur í blóði hans hafi mest orðið nálægt 2,6 g/kg, og kl. 9.15 (ef ekkert meira var drukkið á umræddu tímabili) hafi það lækkað í um 2,2 g/kg. Reiknaðar tölur okkar og niðurstaða úr mælingu alkóhóls í blóðsýni teknu á FSÍ geta því verið í samræmi við frásögn JMG, ef hann hefur verið 75 kg. Við þessa reikninga er miðað við að vodka sé 40% (rúmmál/rúmmál) að styrkleika og stuðst við meðaltöl alkóhólbrennslu og dreifingarrúmmál alkóhóls í líkamanum. Það er talsvert breytilegt frá einum einstaklingi til annars. Ef JMG hefur verið verulega þyngri en hér er gert ráð fyrir, t. d. 90 kg eða meira, nægir ekki áfengismagn vodkapela til að skýra mældan styrk alkóhóls.“

Við aðalmeðferð málsins kom stefnandi fyrir dóm til skýrslugjafar. Stefnandi kvaðst vera um 179 cm hæð og 78–79 kg að þyngd, en á þeim tíma, þegar tjónsatburðurinn, sem málið er af risið, varð, hafi hann verið 70–71 kg að þyngd. Stefnandi hélt því fram hér fyrir dómi, að hann hefði fyrst hafið áfengisdrykkju eftir óhappið, en hann hefði verið mjög þjáður, fótbrottinn á báðum fótum.

— — —

Niðurstaða.

Við dómtöku málsins var ágreiningur aðila um það, hvort stefnandi hefði misst rétt til umsaminnna tryggingabóta vegna ölvunar við akstur, sbr. 20. gr. laga nr. 20/1954, og um upphafstíma vaxta.

Þegar til þess er litið, sem fram er komið í skjölum málsins og þá sérstaklega í dómi sakadóms Reykjavíkur frá 3. janúar 1991, þar sem talið var ósannað, að stefndi hefði neytt áfengis, áður en bifreið hans fór út af veginum, en dómur þessi var staðfestur með dómi Hæstaréttar 21. nóvember 1991, svo og, þegar litið er til álitsgerðar dómkvaddra matsmanna, þykir stefndi ekki hafa sýnt fram á, að stefnandi hafi í ölaði valdið tjóninu, sem málið er af risið, sbr. 20. gr. laga nr. 20/1954, og ber því að taka til greina kröfu stefnanda um greiðslu á andvirði bifreiðar stefnanda að frá dreginni fjárhæð þeirri, sem fékkst fyrir flak bifreiðarinnar. En eins og að framan hefur verið rakið, eru málsaðilar sammála um, að verðmæti bifreiðarinnar hafi verið 1.325.000 kr., og óumdeilt er, að stefnandi seldi bifreiðina á 260.000 kr. Hina tildæmdu fjárhæð ber stefnda að greiða með vöxtum, eins og krafist er, þ. e. frá tjónsdegi, sbr. 7. gr. laga nr. 25/1987, og skv. III. kafla sömu laga frá þingfestingardegi.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 235.000 kr., og hefur þá verið litið til virðisaukaskattskyldu málflytningisþóknunar.

Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

2711

D ó m s o r ð:

Stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði stefnanda, Jóni Mar-
inó Guðbrandssyni, 1.325.000 kr. með [náðar tilgreindum vöxtum].

Stefndi greiði stefnanda 235.000 kr. í málskostnað.
